

Fluglestin þróunarfélag

STAÐA VERKEFNIS-SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖGIN-NÆSTU SKREF

Staða verkefnisins

Skýrsla frá nóvember sl.

- Rýning erlendra fagaðila og fjárfesta styður við áætlaðan kostnað og líklega arðsemi

Stofnun þróunarfélags um verkefnið

- Meðal eigenda eru Reykjavíkurborg og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Hluthafasamkomulag tryggir báðum þessum aðilum setu í stjórn félagsins

Samstarfssamningur við sveitarfélögin

Samstarfssamningur - markmið

1. Að tryggja hagkvæmni framkvæmdarinnar
2. Að tryggja að þróunarfélagið geti framkvæmt og fjármagnað nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings framkvæmdinni.
3. Að tryggja góðar tengingar fyrirhugaðra lestarstöðva við byggð, umferðarmannvirki og samgöngur á yfirborði, með sérstakri áherslu á almenningssamgöngur.
4. Að tryggja að framkvæmdin geri til lengri tíma mögulegt, reynist slíkt hagkvæmt, að þróa hana áfram til frekari uppbyggingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, t.d. með fjölgun stöðva, tvöföldun jarðgangna og mögulegri tengingu við framtíðarstaðsetningu innanlandsflugs.

Samsstarfssamningur - inntak

1. Samstarf um skipulagsmál með það markmið að til verði heildstæð tillaga að breytingu á skipulagi, sem gerð verði grein fyrir í svæðisskipulagi, og í kjölfarið innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna.
 - a) Skipulagsvinnan skal leidd af svæðisskipulagsnefnd SSH í nánu samráði við fagráð SSH og þróunarfélagið. Þróunarfélagið kostar verkið.
 - b) Verkefnishópur fyrir skipulagsvinnuna skal skipaður fulltrúum frá SSH annars vegar og þróunarfélaginu hins vegar.
2. Vilyrði sveitarfélaganna fyrir að skilgreina nauðsynlegar lóðir í deiliskipulagi og úthluta þeim skv. nánara samkomulagi.
3. Nauðsynlegt samstarf í tengslum við framkvæmd og gerð mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.
4. Gildistími fimm ár frá undirritun eða í þrjú ár frá því að skipulagsvinnu af hálfu sveitarfélaganna lýkur sem þróunarfélagið mun nýta til hönnunar og fjármögnunar verkefnisins. Samningurinn gildir þó ekki lengur en í sjö ár nema hann verði sérstaklega framlengdur.
5. Á samningstímanum taka sveitarfélögin ekki þátt í samstarfi við aðra en þróunarfélagið um lestarsamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar.

Fluglestin og tengsl við borgarlínu


Lega og fyrirkomulag borgarlínu, þ.m.t. staðsetning stöðva, til umfjöllunar út þetta ár og fram á það næsta.

Sambærileg vinna vegna fluglestar á sama tímabili.

Hver eiga að vera tengsl þessara tveggja verkefna?

1. Engin. Verkefnin eiga ekki að trufla hvort annað.
2. Möguleg til framtíðar litið.
3. Mikil, þau eiga að vinna saman.

Viðmiðunarleið



Engin tengsl við Borgarlínu

Fráviksleið A:

Tvöfalt spor frá KEF til Straumsvíkur - einfalt spor í göngum stystu leið undir sjó að BSÍ. Ekkert stopp.

Samþætting við Borgarlínu

Fráviksleið B:

Tvöfalt spor frá KEF til Straumsvíkur (endastöð). Engin göng en tenging frá endastöð í miðborg með strætó, rútum og leigubílum í upphafi en síðar með Borgarlínu á yfirborði.

Fráviksleið C:

Tvöfalt spor frá KEF til Straumsvíkur - tvöfalt spor í göngum undir Borgarlínu að BSÍ. Annað sporið nýtt fyrir fluglest, hitt fyrir almenningsgöngur innan höfuðborgarsvæðisins (METRO).




Meðalhraði 55 km/klst miðað við 27 km í strætó og 32-34 km í léttlest. Tæpar 15 mín milli endastöðva og 12 mín frá Strandgötu að BSÍ. Tíðni: 15 mín/2 einingar, 10 mín/3 einingar og 6-8 mín/4 einingar. Kostnaður óviss, en skýr samlegðaráhrif til lækkunar á stofnkostnaði. PPP nálgun.

Samspil við Borgarlínu til framtíðar

Viðmiðunarleið

Tvöfalt spor frá KEF til Straumsvíkur - einfalt spor í göngum efri leið að BSÍ sem síðar mætti tvöfalda. Ein stoppistöð í upphafi sem gæti verið í Smáralind, á Vífilstöðum eða í Hafnarfirði en þeim mætti fjölga síðar samhliða tvöföldun gangna.



Fluglestin og tengsl við Borgarlínu

Lega og fyrirkomulag Borgarlínu, þ.m.t. staðsetning stöðva, til umfjöllunar út þetta ár og fram á það næsta.

Sambærileg vinna vegna fluglestar á sama tímabili.

Hver eiga að vera tengsl þessara tveggja verkefna?

1. Engin. Verkefnin eiga ekki að trufla hvort annað.
2. Möguleg til framtíðar litið.
3. Mikil, þau eiga að vinna saman.

Niðurstaða:

Skipulagssamstarfið skv. samstarfssamningum mun leiða í ljós heppilegustu legu fluglestarinnar út frá hagsmunum sveitarfélaganna annars vegar og arðsemi verkefnisins hins vegar.




Fluglestin- Áhrif á losun á CO₂

Forsendur miða við núverandi samsetningu bílaflotans - sú samsetning mun breytast með aukinni rafbílavæðingu. Greining unnin af Guðmundi Guðnasyni/Eflu.

Heildarmagn CO₂ ígilda frá bílaumferð árið 2014 um 800.000 tonn

Áætluð losun vegna umferðar um Reykjanesbraut um 74 þúsund tonn árið 2025.

Fluglestin myndi minnka þá losun um 19% en um 36% árið 2040 miðað við forsendur um takmarkaða fjölgun ferðamanna og umferðarspá svæðisskipulags.



Spátílfelli 2. Lágmarksframkvæmdir – breyttar ferðavenjur. Umferð í þús. bíla á sólarhring.

Umferðarspá 2040
Skýringar
— Gatnanet 2040

Áhrif fluglestar á umferðarþunga

Forsendur eru umferðarspá svæðisskipulags og að draga muni hratt úr fjölgun erlendra ferðamanna. Ekki er gert ráð fyrir öðrum farþegum en KEF-REY.

GG/Efla

Minni umferð á yfirborði

Reykjanesbraut vestan Krýsuvíkurvegar

- Áætluð umferð árið 2025 (ÁDU) 17.000 bílar á dag. Sú umferð myndi minnka um 21% eða um 3.600 bíla með fluglest.
- Áætluð umferð árið 2040 (ÁDU) 22.000 bílar á dag. Sú umferð myndi minnka um 27% eða um 5.800 bíla með fluglest.

Gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins: Hafnarfjörður-miðbær

- Áætluð umferð á algengustu leiðum (ÁDU) er 17.000-76.000 bílar á dag árið 2025. Sú umferð myndi minnka um 2-10% með tilkomu fluglestar.
- Samsvarandi minnkun fyrir árið 2040 er 3-16%

Verði áfram mikil fjölgun erlendra ferðamanna, munu þessar tölur verða mun hærri

Næstu skref

Þróunarfélagið stofnað

- Aðkoma nýrra fjárfesta
- Per Aarsleff

Samstarfssamningurinn

- Þegar samþykktur hjá öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum og afgeiddur í Garðabæ. Borgarráð samþykkti aðild að félaginu í gær.
- Samningurinn býður afgreiðslu í Hafnarfirði og Kópavogi.

Rannsóknir

- Jarðfræði höfuðborgarsvæðisins.
- Markaðsgreining og ráðgjöf við leiðaval. Samningur við Tractebel.
- Undirbúningur mats á umhverfisáhrifum.

Vinna með ríki að lagalegri umgjörð.



Lest milli Keflavíkurflugvallar
og höfuðborgarsvæðisins er
orðin raunhæf og möguleg

TIL ÞESS AÐ GERA HANA AÐ VERULEIKA ÞARF ÞRÓUN OG SAMSTARF!